

Mættir eru: Ólafur Oddur Sigurðsson, Sabína Steinunn Halldórsdóttir, Snær Seljan Þórðsson, Helgi Bjarnason og Atli Már Sigmarsson.

1. Fundargerð 804 lesin upp og samþykkt
2. Aðsent efni, Lotto,
 - Fullt af peningum frá Lottóinu.
 - Glímusamband Íslands fékk senda bók frá Fila, Wrestling in the living room.
 - Ársskýrsla glímusambandsins er komin í hús í nokkrum bindum. Afar gæsilegt.
3. Grettisbeltið, varðveisla
 - Verið er að reisa veitingahús við Geysi Haukadal. Verður veitingastaðurinn skreyttum ýmsum hlutum tengdum glímu. Fyrirspurn hefur borist til glímusambandsins um hvort að Grettisbeltið geti verið til sýningar um ókomna tíð. Málið verður tekið upp á næsta glímuþingi.
4. Skjaldarglíma Ármanns
 - Skjaldarglíma Ármanns var haldin 13. desember 2011. Pétur Eyþórsson bar sigur úr þítum.
5. Bikarglíma Íslands
 - Bikarglíma Íslands verður haldin þann, 28. janúar 2012, í íþróttahúsi Kennaraháskólans.
6. Íslandsmótið í Back-hold
 - Íslandsmótið í Back-hold verður haldið þann, 29. janúar 2012, í Ármannshúsinu. Stefnt er að því að hafa þrjá þyngdarflokka í bæði karla- og kvennaflokki.
7. Styrkur Erna Héðinsdóttir
 - Erna Héðinsdóttir sækir um styrk til Glímusambands Íslands. Ástæða umsóknar Ernu er íþróttanáms í Bretlandi.
 - Málið var tekið fyrir í stjórn og var umsókn hennar hafnað.
8. Glímuþing
 - Glímuþing Glímusambands Íslands verður haldið 3. mars næstkomandi í húsi ÍSÍ.
9. Heiðursviðurkenningar
 - Glímusamband Íslands leggur til að Jón Birgir Valson fái silfurmerki Glímusambandsins. Einnig leggur stjórnin til að Skarphéðinn Orri Björsson hljóti bronzmerkið. Viðurkenningarnar verða afhendar á næstu Bikarglímu Íslands.
10. Fundur Sér sambanda með Ráðherra Mennta- og menningarmála
 - Ráðherra Mennta- og menningarmála boðaði til fundar sér sambanda Íslands. Ingibergur J. Sigurðsson sótti fundinn fyrir hönd Glímusambandsins. Fundurinn var ágætur að sögn Ingibergs.
11. Skýrslur nefnda.
 - Skýrslur allra nefnda hafa verið skrifaðar og skilað til Glímusambandsins.
12. Önnur mál.

- Andri Freyr Viðarsson mun mæta á næsta glímumót, þann 28.janúar 2012.
Andri er að taka upp sjónvarpþátt og ætlar hann að taka virkan þátt í mótinu.

13. Næsti fundur ákveðin og fundi slitið

- Næsti fundur verður haldin í febrúar .

Snær Seljan Þóroddsson.